

Lífssýnasafn rannsóknaverkefna Hjartaverndar

Upplýsingar uppfærðar í október 2015

Stjórn lífssýnasafnsins

Dr. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, Kórsölum 3, 201 Kópavogi, Dr. Gunnar Sigurðsson, formaður stjórnar Hjartaverndar, Brúnalandi 30, 108 Reykjavík, Ingunn Þorsteinsdóttir, læknir og forstöðumaður Klínískrar Lífefnafræðistofu Hjartaverndar, Ljárskógum 23, 109 Reykjavík, Guðný Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri rannsóknarverkefna Hjartaverndar, Efstasundi 8, 104 Reykjavík.

Ábyrgðarmaður lífssýnasafnsins

Dr. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar; til vara Dr. Gunnar Sigurðsson, formaður stjórnar Hjartaverndar.

Dagleg ábyrgð á lífssýnasafninu

Dr. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar.

Markmið með starfrækslu safnsins

Að varðveita öll lífssýni sem tekin eru vegna rannsókna Hjartaverndar, en þær eru aðallega á sviði faraldsfræði, faraldserfðafræði, erfðafræði áhættuþátta algengra sjúkdóma og almennra erfða algengra sjúkdóma, auk faraldsfræði og faraldsfræði erfða heilbrigðis og efnaskipta.

Tegund lífssýna sem unnið er með

Þau lífssýni sem unnið er með í lífssýnasafni rannsóknaverkefna Hjartaverndar eru einungis þau sýni sem fást úr vísindarannsóknnum Hjartaverndar. Tegundir þessara sýna eru blóðsýni, munnvatnssýni og þvagsýni. Unnið er erfðaefni og lifandi frumur úr blóðsýnunum.

Frá hvaða aðilum berast lífssýni

Lífssýni eru frá þátttakendum í vísindarannsóknnum Hjartaverndar og er söfnun sýna framkvæmd í húsnæði Hjartaverndar. Grunnur safnsins er byggður á framskyggnum rannsóknum Hjartaverndar, sem staðið hafa síðan 1967.

Aðgangur að lífssýnunum og hugsanlegur flutningur þeirra úr landi

Í samræmi við lög og reglur um lífssýnasöfn gerir stjórn Lífssýnasafns rannsóknaverkefna Hjartaverndar samninga við vísindamenn um aðgang að lífssýnum til vísindarannsókna.

Heimilt er að senda lífssýni úr landi í þágu lífssýnisgjafa, vegna sjúkdómsgreininga eða gæðaeftirlits. Annar flutningur lífssýna úr landi er háður samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær setja.

Aðgangur að starfsreglum lífssýnasafnsins

Starfsreglur Lífssýnasafns rannsóknaverkefna Hjartaverndar er að finna í „Skipulagsskrá og starfsreglur lífssýnasafns rannsóknaverkefna Hjartaverndar.“

Nánari upplýsingar veitir Vilmundur Guðnason, v.gudnason@hjarta.is.